



Aldursflokkamót Borðtennisdeildar KR 6. október 2019

Borðtennisdeild KR heldur fyrsta mótið í aldursflokkamótaröð Borðtennissambands Íslands 2019-2020 sunnudaginn 6. október 2019 í Íþróttahúsi Hagaskóla, Neshaga 3 (miðinngangur). Keppni hefst kl. 10.

Aldursflokkar og dagskrá

- kl. 10:00 Einliðaleikur hnokka f. 2009 og síðar
- kl. 14:00 Einliðaleikur táta f. 2009 og síðar
- kl. 10:00 Einliðaleikur pílta f. 2007-2008
- kl. 14:00 Einliðaleikur telpna f. 2007-2008
- kl. 11:30 Einliðaleikur sveina f. 2005-2006
- kl. 14:00 Einliðaleikur meyja f. 2005-2006
- kl. 13:00 Einliðaleikur drengja f. 2002-2004
- kl. 14:00 Einliðaleikur stúlkna f. 2002-2004

Hver unglingur má aðeins leika í einum aldursflokki. Átta efstu í hverjum flokki fá stig í aldursflokkamótaröð Borðtennissambands Íslands.

Fyrirkomulag keppni

Keppt er í riðlum og spilað er með útslætti upp úr riðlinum. Þrjár unnar lotur þarf til að vinna leik. Raðað verður í töflu samkvæmt keppnisreglum eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ.

Leikið verður á Stiga expert borðum með hvítum 3ja stjörnu Stiga kúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í öllum flokkum. Einnig verða veitt þátttökuverðlaun í flokki 11 ára og yngri.

Þátttökugjöld: 1.000 krónur á mann. Gjaldið greiðist í reiðufé á mótsstað eða inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129. Senda skal tilkynningu við millifærslu á netfangið bordtennisdeildkr@gmail.com og setja inn kennitölu leikmanns, sem greitt er fyrir.

Skráning fer fram á vef Tournament Software (<http://www.tournamentsoftware.com>) til kl. 22 miðvikudaginn 2. október 2019. Setja skal kennitölu sem „Member ID“. Á vef BTÍ (www.bordtennis.is) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótstjórnar fyrir kl. 22 miðvikudaginn 2. október 2019.

Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!

Dregið verður í Íþróttahúsi Hagaskóla fimmtudaginn 3. október klukkan 19:00. Eftir að dregið hefur verið í mótið verður ekki bætt við keppendum, nema að um sannanleg mistök mótstjórnar sé að ræða. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Guðrún Gestsdóttir, gsm. 896 4849, ggests@gmail.com

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, magnus.stefansson@gmail.com

Yfirdómari: Nafn yfirdómara verður tilkynnt síðar.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic